Nýjar bækur

● **KÆRI Keith** er eftir Jóhönnu Kristjónsdóttur. Jóhanna hefur sent frá sér allmargar bækur, skáldsögur, ferðasögur og metsölubókina Perlur og steinar sem fjallar um stormasöm hjónabandsár hennar og hins þjóðþekkta rithöfundar, Jökuls Jakobssonar.



Jóhanna Kristjánsdóttir

Í bókinni Kæri Keith segir Jóhanna frá ástarsambandi sínu við kvæntan mann, Keith R. Flatman, stjórnarformann og framkvæmdastjóra tryggingarfélags í Sydney í Ástralíu. „Þau hittast fyrir tilviljun á hótelbar í London, taka tal saman og eiga saman ástarfund. Í framhaldi af því hefja þau bréfaskipti sem ganga í fyrstu stirðlega en að því kemur að þau ákveða að hittast aftur í fjarlægu heimshorni og þar með fer samband þeirra að verða meira," segir í kynningu.

Útgefandi er Fróði. Kæri Keith er 152 bls. Kápu hannaði Hildur Björnsdóttir. Bókin er prentuð og bundin í Prentsmiðjunni Odda hf. Verð kr. 2.990 m. vsk.

● **DUGGA frönsk og framboðsfundir** - Nokkrir þættir um fólkið og lífið í landinu - er eftir Vilhjálm Hjálmarsson fyrrverandi menntamála-ráðherra.



Vilhjálmur Hjálmarsson

Í kynningu segir: „Vilhjálmur fer á kostum sem sögumaður eins og löngum fyrr. Hann rekur forvitnilega ástar- og örlagasögu fransks skipstjóra og íslenskrar heimasætu á 19. öld, rifjar upp snjöll tilsvör og fyndin atvik á framboðsfundum, greinir frá forsögu tengingar hringvegar 1974 og forvitnilegum umræðum hvort brýr á Skeiðarársandi geti staðist hlaup, segir frá skörpum ágreiningi um hentugustu „sjávargötu" Héraðsbúa - og lýsir dæmigerðum tilburðum strjálbýlisfólks við „vegarruðslu" um torleiði áður.

Útgefandi er Æskan. Bókin er 214 bls. með fjölda mynda. S. Jóna Hilmarsdóttir setti texta og braut bókina um. Prentsmiðjan Oddi hf. annaðist filmuvinnu, prentun og bókband. Ljósmynd á kápu (af duggum) tók Björn Björnsson. XYZETA auglýsingastofa hannaði kápu.

● **MEÐ bros í bland** - minningabrot er heiti bókar Magnúsar Óskarssonar, fyrrverandi borgarlögmanns. Í bókinni lítur Magnús yfir sviðið og rifjar upp kynni sín af „skemmtilegum og merkilegum mönnum"; segir frá fyndnum atvikum, skrítnum lögfræðimálum og ferðalögum víða um heim, svo dæmi séu nefnd um efni bókarinnar.



Magnús Óskarsson

Meðal þeirra sem hann nefnir til sögunnar eru Gunnar Thoroddsen, Ólafur Thors, Ólafur Jóhannesson, Guðmundur Jaki, Gunnar Huseby og Sverrir Hermannson. Skáldin Steinn Steinarr, Tómas Guðmundsson og Jökull Jakobsson koma við sögu ásamt Jónasi stýrimanni, Sigurði Ólasyni hrl. og fleiri starfsbræðrum og samstarfsmönnum Magnúsar. Ýmsir kynlegir kvistir eru Magnúsi einnig hugleiknir eins og Pétur Hoffmann, Ljón Norðursins, Stefán frá Möðrudal og Lási kokkur að ógleymdum Jóni kadett.

„Magnús dregur upp ógleymanlega mynd af Akureyri æsku sinnar og honum eru háskólaárin eftirminnileg. Hann rifjar upp gamansamar sögur frá síldarsumrum til sjós og lands og segir meðal annars hlýlega og skemmtilega frá Raufarhöfn og fólkinu þar", segir í kynningu.

Útgefandi er Bókafélagið. Bókin er 248 bls., prýdd 50 ljósmyndum. Leiðbeinandi verð er kr. 3.480.

Jólahlaðborð
Listaskálans í Hveragerði

Nú þegar aðventan nálgast er kominn tími til að huga að jólastemmningunni og þeim góðu kræsingum er henni fylgja.

Þá eru fáir staðir betur upplagðir heldur en Listaskálinn í Hveragerði þar sem hlaðborðið svignar undan krásunum og jólagleðin ræður ríkjum.

Jólahlaðborðið byrjar 27. nóvember og verður allar helgar fram til 21. desember.

Hlaðborðið bjóðum við líka hópum, fyrir 20 manns og fleiri alla virka daga.

Skötuveisla verður á hádegi Þorláksmessu þar sem v estfirsk skata, hnoðmör og hamsar verða á borðum.

Búist er við góðri þátttöku, tryggið ykkur því borð tímanlega og njótið hátíðanna.

Listaskálinn í Hveragerði,
Austurmörk 21, 810 Hveragerði.
Borðapantanir í síma 483 4858.
Fax 483 4857.



CYNDY Sherman, án titils, 1981.

Leikhús raunsæisins

MYNDLIST

Kjarvalsstaðir

LJÓSMYNDAVERK
30 AMERÍSKIR LJÓSMYNDARAR

Opið alla daga frá 10-18. Til 22. nóvember. Aðgangur 300 krónur. Sýningarskrá 1.200 krónur.

„LÍFIÐ sjálft er ekki raunveruleikinn, Það erum við sjálf sem gæðum stokka og steina lífi."

Frederick Sommer.

Það er mikilvæg framkvæmd sem Kjarvalsstaðir bjóða uppá og nefnist, Að skapa raunveruleikann, „Making it real" og er farandsýning. Kemur frá The Aldrich Museum, Connecticut og heldur aftur til Bandaríkjanna og fleiri borga þar. Hefur með nýja sýn á ljósmyndinni að gera, helst afmarkað svið leikrænna tilfærslana á veruleikanum allt um kring. Gerendurnir eru þá sjálfir að búa til raunveruleika, sjónrænar blekkingar, frekar en að endurvarpa honum ómenguðum til skoðandans og þó er þessi myndheimur ofurraunsær hvað ytra byrði snertir. Bæði er verið að hnika til því sem er í næsta sjónmáli og gera myndefnið á sinn hátt áhugaverðara með ýmsum brögðum tækninnar, ekki síst tölvunni og stafrænni ljósmyndun. Einnig leitað til eldri aðferða í bland.

Ljósmyndin í sjálfri sér túlkar mikinn sannleika, en um leið er mögulegt að umturna þessum sannindum, ljósmynduðum viðfangsefnum, á marga vegu og búa til nýjan heim, skáldaðan raunveruleika. Innan handar að brengla, mistúlka og falsa eins og hver og einn hefur vilja og hugarflug til. Þetta er engin ný uppgötvun, en hátækni nútímans hefur heldur betur margfaldað þessa möguleika á undanförnum árum og það færa menn sér eðlilega í nyt.

Á seinni árum hefur ljósmyndin öðlast sérstakan sess í myndlistarheiminum eins og víða sér stað, og listrænar ljósmyndir eru jafnt farnar að keppa við málverkið á uppboðum beggja vegna Atlantsála sem á hinum stóru listakaupstefnum svo sem í París, Köln og Berlín. Það er um leið ekki lengur neitt feimnismál, að myndlistarmenn hafa stuðst við ljósmyndatæknina og ýmis sjónræn, optísk, tæknibrögð í gerð myndverka sinna um aldaskeið. Hér er þannig um náskylda miðla að ræða, sem báðir hafa ótvíræða og markaða yfirburði yfir hinn innbyrðis, en um leið er í flestum tilvikum snöggtum annað hugsæi á bak við stílfærsluna. Annars vegar eru yfirburðir hinnar köldu, optísku, tækni við að fanga raunsæa mynd af umhverfi og atburðum, hins vegar hin sérstaka mannlega skynjun á andrúminu á vettvangi, sem er aldrei nákvæmlega hið sama frekar en fingraförin. Því sérstæðari og þroskaðari skynjun, þeim mun magnaðri og háleitari útkoma.

Sérstaða og markaðir yfirburðir ljósmyndavélarinnar koma afar vel fram á sýningunni, sem samanstendur mikið til af ljósmyndum í yfirstærðum, einkum eru þær í tengiálmunni áhrifaríkar fyrir lifandi niðurröðun. Hér sjáum við meðal annars tvær myndir hinnar víðfrægu Cindy Sherman, sem á verk á flestum meiri háttar myndlistarsýningum úti í heimi, var m.a. með afar sterka myndaröð á hinni miklu sýningu á módernistum aldarinnar í Berlín nú í sumar. Ekki veit ég til þess að myndir hennar hafi verið sýndar áður hérlendis, er því í sjálfu sér drjúgur viðburður, og einar sér tilefni til að gera sér ferð á staðinn. Á veggnum andspænis vekja myndir þeirra Sandy Skoglund og Boyd Webb óskipta athygli, annars vegar fyrir grófa efnislega fyrirferð, andlegt eðli holdi klætt, en hins vegar gagnsæja og loftræna útfærslu eggjarauða á bakka, þar sem lýsingin kemur innan frá í þá veru að ljós og litur stafa frá myndunum líkast sjálfslýsandi röntgengeisla.

Hvernig töfra má fram raunveruleika er hinn hvassi sjónræni skurður myndarinnar af Victoríu drottningu eftir Hiroshi Sugimoto skýrt dæmi, og mynd hans af Elisabetu Taylor er engu síðri. Laurie Simmons lætur leikbrúður túlka depurð, vonbrigði, vanmetakennd og eftirsjá. Hún finnur fullkomna hvíld í andlitum brúðanna og hinni stirðnuðu leikrænu depurð. Flókna og háleita tilfinningu sem hún telur mun æðri gleði og hryggð. Hér er sem svo oft á sýningunni um sviðsett og leikræn fyrirbæri að ræða þótt útfærslan tengist hefðbundnum gildum á borð við myndbyggingu og fjölbreytni í frásögn ásamt fegurð í ljósmyndun. Allt annars og huglægara eðlis eru öskumyndir Charles Griffins, sem snúast um að endurvekja lífsanda og orku látins vinar sem er fallin frá. Þær lýsa tilraun til að „skapa raunveruleika" í þeirri von að upp spretti nýtt samband, eins og listamaðurinn orðar það. Á svipuðu róli eru ruslteikningar Mike Kelly, af einhverju sem ekki virðist eiga sér form en hefur þó einhvers konar útlit. Catherine Chalmers notar formaldehyd til að bregða upp lífrænum fyrirbærum úr náttúruríkinu og skordýramyndir Gregory Crewdson búa yfir sérstæðri fegurð. Loks er rétt að vekja athygli á andstæðunum í hinum ströngu byggingarfræðilegu myndum Thomas Demands og hinni mjúku óformlegu áferð í myndum Jan Henle frá umturnaðri kaffiekru, ekkert upphaf, enginn endir. Hér voru einungis nokkrir hinna ágætu ljósmyndara taldir upp til að bregða ljósi á fjölbreytni sýningarinnar, sem eru kostir hennar, en hins vegar er hún um margt erfið fyrir hinn almenna sýningargest. Hún telst á einn veg full fagleg og sértæk á köflum, en er þannig séð mikill hvalreki fyrir atvinnuljósmyndara og eldheita áhugamenn í faginu. Bót í máli er að hinn almenni skoðandi fær tækifæri til að setja sig vel inn í aðferðir og hugmyndir einstakra listamannanna, því á veggjunum eru víða skilmerkilegar útskýringar á myndferlinu. Þetta ættu sem flestir að nýta sér og þá er meira en óhætt að mæla með innliti á staðinn, vísa loks til nýrrar upphengingar á myndum Kjarvals í Austursal.

Bragi Ásgeirsson



Morgunblaðið/Jón Svavarsson

FÉLAGAR í Kór Félagsstarfs aldraðra.

Sönghátíð í Ráðhúsinu

KÓR Félagsstarfs aldraðra í Reykjavík heldur sönghátíð í Ráðhúsi Reykjavíkur á sunnudaginn, 16. nóvember, klukkan 15.
Söngstjóri er Sigurbjörg P. Hólmgrímsdóttir og undirleikari Sigurgeir Björgvinsson.

Á efnisskránni eru létt íslenzk lög og erlend, m.a. lög eftir söngstjórann. Kórinn er blandaður kór og í sumum laganna skiptist hann upp í karlakór og kvennakór.